

# Fundargerð 353. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2013, föstudaginn 18. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir, Már Sveinbjörnsson, Ólafur Örn Ólafsson, Skúli Þórðarson. Steinþór Pétursson og Guðný Sverrisdóttir voru í símasambandi.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson og ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2012 - 1202002HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 352. fundar frá 19. nóvember 2012.

*Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.*

### 2. Ársreikningar hafnasambandsins 2012 - 0603008HA

Lagður fram ársreikningur hafnasambandsins fyrir árið 2012 áritaður af reikningshaldara. Lagt til að ársreikningnum verði vísað til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5 gr. laga hafnasambandsins, og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins. Afgreiðslu verði frestar þar til þessu er lokið.

*Samþykkt var að ársreikningnum verði vísað til kynningar hjá aðildarhöfnum, sbr. ákvæði í 5. mgr. 5. gr. laga hafnasambandsins og til skoðunar hjá kjörnum skoðunarmönnum hafnasambandsins. Afgreiðslu frestað þar til framangreindu er lokið.*

### 3. Stjórnarfundir hafnasambandsins 2012 - 1202002HA

Lögð fram drög að breyttri starfsáætlun stjórnar hafnasambandsins til nóvember 2013.

*Endurskoðuð starfsáætlun samþykkt.*

*Föstudagur 15. febrúar 2013, kl. 11:00. Símafundur.*

*Fimmtudagur 14. mars 2013, kl. 14:00. Viðverufundur.*

*Föstudagur 12. apríl 2013, kl. 11:00. Símafundur.*

*Mánudagur 6. maí 2013, kl. 09:00. Viðverufundur*

*Föstudagur 24. -27. maí. Vorfundur*

*Föstudagur 23. ágúst 2013, kl. 11:00. Viðverufundur*

*Föstudagur 20. september 2013, kl. 09:00. Hafnafundur í Grindavík*

*Föstudagur 18. október 2013, kl. 11:00. Viðverufundur*

*Föstudagur 15. nóvember 2013, kl. 09:00. Símafundur*

**4. Drög að reglugerð um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda - 0603010HA**

Lagt fram til kynningar bréf frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 28. nóvember 2012, þar sem óskað er eftir þremur tilnefningum í mengunarvarnaráð hafna. Jafnframt er lagt fram til kynningar bréf frá hafnasambandinu til umhverfisráðuneytisins, dags. 10. desember 2012, þar sem Már Sveinbjörnsson, Hörður Blöndal og Hallur Árnason eru tilnefndir í mengunarvarnaráð hafna.

*Tilnefning staðfest.*

**5. Upplýsingaréttur um umhverfismál - 1212020HA**

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Umhverfisstofnunar, dags. 6. desember 2012. Að auki lagt fram til kynningar afrit af bréfi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins til Mannvirkjastofnunar. Fjalla þau bæði um breytingar á lögum um upplýsingarétt um umhverfismál.

*Til kynningar.*

**6. Vigtun sjávarafila - 0901002HA**

Lagt fram minnisblað frá Má Sveinbjörnssyni, dags. 10. janúar 2013, um rafrænan aðgang að gögnum í Gaflinn.

*Má falið að vinna í málinu til að sjá betur hvaða möguleikar séu í boði.*

**7. Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafila - 0901002HA**

Lögð fram reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafila, með síðari breytingum. Óskað er eftir sjónarmiðum Hafnasambands Íslands á þessum tillögum.

*Formanni falið að koma sjónarmiðum hafnsambandsins á framfæri.*

**8. Efnahagsleg áhrif íslenskra hafna - 1211016HA**

Lögð fram drög að verkefnislýsingu á efnahagslegum áhrifum íslenskra hafna, dags. 7. desember 2012.

*Leitað var tilboða frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskóla Akureyrar. Þau tilboð sem voru búin að berast voru of háa að mati stjórnarmanna og því ákveðið að hafna þeim. Formanni falið að leita annarra leiða til að láta meta efnahagsleg áhrif íslenskra hafna.*

**9. Langtímastefna fyrir hafnir landsins - 1211015HA**

Lögð fram að nýju ályktun frá 38. hafnasambandsþingi, dags. 3. október 2012, um mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins.

*Formanni falið að ræða við þór hjá Sjávarklasanum um aðkomu þeirra að mótun langtímastefnu fyrir hafnir landsins.*

#### 10. Vorferð hafnasambandsins 2013 - 1301011HA

Lögð fram til kynningar drög að dagskrá vegna vorferðar stjórnar sem verður í lok maí 2013.

*Vorferð hafnasambandsins verður 24.-27. maí og eru varamönnum einnig boðið. Starfsmanni falið að athuga hverjir munu mæta og ganga frá pöntunum.*

#### 11. Endurskoðun hafnalaga - 1003004HA

Lagt fram frumvarp til laga um breytingar á hafnalögum.

*Gert grein fyrir samskiptum við Innanríkisráðuneytið vegna frumvarps um breytingar á hafnalögum.*

Fundi var slitið kl. 12:20

---

Gísli Gíslason

---

Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir

---

Guðný Sverrisdóttir

---

Már Sveinbjörnsson

---

Ólafur Örn Ólafsson

---

Skúli Þórðarson

---

Steinþór Pétursson

---

Valur Rafn Halldórsson

